

L Ö G

51

7. apríl

um ríkisútgáfu námsbóka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Börnum við skyldunám barnafræðslustigsins, skv. 2. gr. laga nr. 34/1946, skal séð fyrir ókeypis námsbókum í greinum þeim, sem kenndar eru.

Unglingum í unglingaskólum skal séð fyrir ókeypis námsbókum í þeim greinum, sem kenndar eru.

2. gr.

Námsbókanefnd, skipuð fimm mönnum, annast útgáfu námsbóka skv. 1. gr. og kveður á um efni þeirra og gerð. Reynt skal að tryggja, að öll ytri gerð bókanna standist almennar kröfur um útlit og gæði.

Menntamálaráðherra skipar námsbókanefnd til fjögurra ára í senn: tvo menn skv. tillögu Sambands ísl. barnakennara, einn skv. tillögu Landssambands framhaldsskólakennara, en formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Fræðslumálastjóri á sæti í nefndinni.

3. gr.

Námsbókanefnd skal sjá um, að á hverjum tíma sé fyrir hendi námsbók í hverri grein. Nú eru gefnar út tvær námsbækur í sömu grein, og ákveða þá skólustjórar og kennarar hvers skóla, hvor bókin skuli notuð við kennslu í skólanum.

Námsbókanefnd ákveður ritlaun til handa höfundum námsbóka, er skulu við það miðuð, að hæfir menn fáist til starfans. Nefndinni er og heimilt að efna til samkeppni um ritun einstakra námsbóka.

Námsbókanefnd er heimilt að láta gera önnur kennslutæki eða sjá um útvegum þeirra, enda séu þau seld nemendum og skólum við kostnaðarverði.

4. gr.

Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs skulu skólameistarar eða fræðsluráð, hver í sínu héraði, senda námsbókanefndinni greinargerð um þær bækur, sem þær óska eftir til kennslu næsta skólaár. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla um fjölda skólaskyldra barna í skólahéraðinu. Námsbókanefndin sendir síðan nægilegan fjölda bóka.

Hverjum nemanda skal afhenda eitt eintak af hverri bók, sem hann á að nota til námsins. Ef sú bók glatast eða skemmist, skal nemandanum gert að skyldu að kaupa nýja bók við kostnaðarverði. Viðkomandi skóli annast um sölu slíkra bóka, ef námsbókanefnd óskar þess, og stendur henni skil á andvirði seldra bóka.

Heimilt skal að hafa allar námsbækur ríkisútgáfunnar til sölu á frjálsum bókamarkaði.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar, að fengnum tillögum námsbókanefndar, framkvæmdastjóra, er vinnur undir yfirstjórn nefndarinnar að störfum þeim, sem undir hana ber samkvæmt lögum þessum. Menntamálaráðherra setur framkvæmdastjóranum erindisbréf.

51

7. apríl

Menntamálaráðherra ákveður laun námsbókanefndar og framkvæmdastjóra hennar.

6. gr.

7. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist að $\frac{1}{3}$ hluta úr ríkissjóði og að $\frac{2}{3}$ hlutum með sérstöku námsbókagjaldi, sem lagt skal á hvern þann, sem hefur á framfæri sínu eitt eða fleiri börn við skyldunám samkvæmt 1. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag ríkisins og námsbókagjald, hvort tveggja með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, lög nr. 10/1951, um breytingu á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, sem kunna að fara í bága við lög þessi.

Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

52

9. apríl

L Ö G

um vinnumiðlun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í hverjum kaupstað og kauptúni með 300 íbúa skal starfrækt vinnumiðlun.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt annars staðar í landinu, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Sveitarstjórn annast vinnumiðlun, hver í sínu sveitarfélagi, undir yfirumsjón félagsmálaráðuneytisins. Hún getur falið oddvita sínum, sveitarstjóra, bæjarstjóra eða öðrum manni framkvæmd hennar. Til þess að vera sveitarstjórn — eða þeim, er hún hefur falið vinnumiðlun fyrir sína hönd — til ráðuneytis um allt það, sem vinnumiðlun varðar, skulu tilnefndir af aðilum á staðnum fjórir menn: Tveir af verkalýðsfélögum eða fulltrúaráði þeirra, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands eða af deild þess eða meðlim og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna eða af deild þess eða meðlim. Í Reykjavík skulu þó trúnaðarmenn atvinnurekenda báðir tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, en þegar þar er um að ræða málefni, sem varðar Vinnumálasamband samvinnufélaganna, skal í stað annars þeirra kveðja til trúnaðarmann frá því. Sé trúnaðarmaður ekki tilnefndur sam-